

hefur lögmætra hagsmuna að gæta, að í tilteknu tilviki hafi samningur, sem fellur undanþáguna sem kveðið er á um í 1. gr., engu að síður haft einhver þau áhrif sem samrýmast ekki skilyrðum sem mælt er fyrir um í 3. mgr. 81. gr. sáttmálans, einkum og sér í lagi ef:

- a) samningurinn um rannsóknir og þróun takmarkar verulega möguleika þriðja aðila til að vinna að rannsóknum og þróun á viðkomandi sviði vegna takmarkaðra rannsóknarkosta sem eru fyrir hendi annars staðar;
- b) samningurinn um rannsóknir og þróun takmarkar verulega aðgang þriðja aðila að markaðinum fyrir samningsvörunar vegna þess hvernig dreifingu varanna er háttáð í einstökum tilvikum;
- c) samningsaðilarnir hafa hvorki hagnýtt sér niðurstöður sameiginlegra rannsókna og þróunarstarfs né fært efnisleg rök fyrir því;
- d) samningsvörurnar þurfa ekki í raun að keppa, á hinum sameiginlega markaði eða verulegum hluta hans, við vörur sem eru eins eða sem neytendur telja jafngildar að því er lýtur að eiginleikum, verði og áætlaðri notkun.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 29. nóvember 2000.

- e) samningurinn um rannsóknir og þróun myndi útrýma virkri samkeppni í rannsóknum og þróunarstarfi á tilteknum markaði.

8. gr.

#### Aðlögunartími

Bann það, sem mælt er fyrir um í 1. mgr. 81. gr. sáttmálans, skal ekki gilda á tímabilinu frá 1. janúar 2001 til 30. júní 2002 að því er varðar samninga sem hafa öðlast gildi 31. desember 2000 og uppfylla ekki skilyrði fyrir undanþágu sem kveðið er á um í þessari reglugerð en sem uppfylla skilyrðin fyrir undanþágu sem kveðið er á um í reglugerð (EBE) nr. 418/85.

9. gr.

#### Gildistími

Reglugerð þessi öðlast gildi 1. janúar 2001.

Reglugerð þessi falli úr gildi 31. desember 2010.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Mario MONTI

*framkvæmdastjóri.*

## REGLUGERÐ

### um breytingu á reglugerð nr. 786/1998, um ráðstafanir er stuðla að bættu öryggi og heilsu starfsmanna um borð í skipum.

1. gr.

15. gr. orðist svo:

Auk þeirra reglna sem settar eru fram í þessari reglugerð skulu ákvæði reglna nr. 497/1994, um notkun persónuhlífa, gilda um vinnu um borð í skipum.

2. gr.

16. gr. orðist svo:

Auk þeirra reglna sem settar eru fram í þessari reglugerð skulu ákvæði reglna nr. 498/1994, um skjávinna, gilda um vinnu um borð í skipum.

3. gr.

17. gr. orðist svo:

Auk þeirra reglna sem settar eru fram í þessari reglugerð skulu ákvæði reglna nr. 499/1994, um öryggi og hollustu þegar byrðar eru handleiknar, gilda um vinnu um borð í skipum.

## 4. gr.

18. gr. orðist svo:

Auk þeirra reglna sem settar eru fram í þessari reglugerð skulu ákvæði reglna nr. 621/1994, um vinnu með krabbameinsvaldandi efni, gilda um vinnu um borð í skipum.

## 5. gr.

19. gr. orðist svo:

Auk þeirra reglna sem settar eru fram í þessari reglugerð skulu ákvæði reglna nr. 554/1996, um verndun starfsmanna gegn hættu á heilsutjóni af völdum líffræðilegra skaðvalda á vinnustöðum, gilda um vinnu um borð í skipum.

## 6. gr.

20. gr. orðist svo:

Auk þeirra reglna sem settar eru fram í þessari reglugerð skulu ákvæði reglna nr. 707/1995, um öryggis- og heilbrigðismerki á vinnustöðum, gilda um vinnu um borð í skipum.

## 7. gr.

21. gr. orðist svo:

Auk þeirra reglna sem settar eru fram í þessari reglugerð skulu ákvæði reglna nr. 931/2000, um ráðstafanir til þess að auka öryggi og heilbrigði á vinnustöðum fyrir konur sem eru þungaðar, hafa nýlega alið barn eða hafa barn á brjósti, gilda um vinnu um borð í skipum.

## 8. gr.

22. gr. orðist svo:

Auk þeirra reglna sem settar eru fram í þessari reglugerð skulu ákvæði reglugerðar nr. 431/1997, um notkun tækja, gilda um vinnu um borð í skipum.

## 9. gr.

1. mgr. 24. gr. orðist svo:

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 4. mgr. 1. gr. og 4. gr. laga nr. 35/1993, um eftirlit með skipum, með áorðnum breytingum og með hliðsjón af tilskipunum ráðsins nr. 89/391/EBE frá 12. júní 1989, um lögleiðingu ráðstafana er stuðla að bættu öryggi og heilsu starfsmanna á vinnustöðum öðlast þegar gildi.

## 10. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með heimild í 4. mgr. 1. gr. og 4. gr. laga nr. 35/1993, um eftirlit með skipum, með áorðnum breytingum, öðlast þegar gildi.

*Samgönguráðuneytinu, 30. ágúst 2001.*

**Sturla Böðvarsson.**

*Ragnhildur Hjaltadóttir.*